

Fimmtudaginn 29. júní 1995.

Nr. 245/1994.

**Edda Guðmundsdóttir**

(Björn Jónsson hdl.)

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)

gegn

**Íslandsbanka hf.**

(Jón G. Briem hrl.)

Lánssamningur. Veðskuldabréf. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. maí 1994. Hann orðar kröfur sínar á eftirgreindan hátt:

„A. Aðallega er krafist ógildingar á lánssamningi frá 1987 milli áfrýjanda og stefnda (upphaflega Útvegsbanka Íslands, nnr. 9032-7658) og skuldbindinga áfrýjanda þ. a. l. skv. veðskuldabréfi, að fjárhæð kr. 9.000.000,00, bundnu lánskjaravísitölu og tryggðu með 4. veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni nr. 8 við Þverársel í Reykjavík, út gefnu til Útvegsbanka Íslands 13. mars 1987 af áfrýjanda og innfærðu í veðmálabækur Reykjavíkur 23. mars 1987 sem skjal nr. 006111.

Jafnframt er þess krafist, að stefndi verði skyldaður með dómi til að aflýsa veðskuldabréfinu.“

„Til vara er krafist, að stefnda verði gert að þola riftun á lánssamningi frá 1987 milli áfrýjanda og stefnda, eins og honum er lýst í aðalkröfu.“

„Verði ekki á aðalkröfu fallist, er gerð 2. varakrafa þess efnis, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 7.593.832,67 ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga 25/1987, einkum 10., 12. og 14. gr., sbr. lög 67/1989, frá 22. september 1987 til greiðsludags, en verði ekki á þessa vaxtakröfu fallist, er þess í stað krafist meðaltals almennra innlánsvaxta á ári (sparibókarvaxta), 14,9% þ. a. frá 22. 9. 1987 til 1. 10. 1987, 16% frá þeim degi til 1. 11. 1987, 18,3% f. þ. d. til 1. 12. 1987, f. þ. d. 20,8% til 1. 1. 1988, f. þ. d. 21,9% til 1. 2. 1988,

22% f. þ. d. til 1. 3. 1988, 20,7% f. þ. d. til 1. 4. 1988, 18,7% f. þ. d. til 1. 5. 1988, 18,5% f. þ. d. til 1. 7. 1988, f. þ. d. 24,1% til 28. 7. 1988, en frá þeim degi til greiðsludags dráttarvaxta skv. III. kafla laga 25/1987, einkum 10., 12. og 14. gr., sbr. lög nr. 67/1989, af samanlögðum höfuðstól og almennum innlánsvöxtum, þannig reiknuðum.“

„3. varakrafa er þess efnis, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 6.800.000,00 ásamt eftirgreindum dráttarvöxtum á ári: 30% frá 23. 3. 1987 til 1. 6. 1987, 33,6% frá þeim degi til 1. 7. 1987, 36% f. þ. d. til 1. 8. 1987, 40,8% f. þ. d. til 1. 9. 1987, 42% f. þ. d. til 1. 10. 1987, 43,2% f. þ. d. til 1. 11. 1987, 45,6% f. þ. d. til 1. 12. 1987, 49,2% f. þ. d. til 1. 1. 1988, 51,6% f. þ. d. til 1. 3. 1988, 45,6% f. þ. d. til 1. 5. 1988, 44,4% f. þ. d. til 1. 7. 1988, 52,8% f. þ. d. til 1. 8. 1988, 56,4% f. þ. d. til 1. 9. 1988, 49,2% f. þ. d. til 1. 10. 1988, 33,6% f. þ. d. til 1. 11. 1988, 27,6% f. þ. d. til 1. 12. 1988, 24% f. þ. d. til 1. 1. 1989, 21,6% f. þ. d. til 1. 3. 1989, 24% f. þ. d. til 1. 4. 1989, 33,6% f. þ. d. til 1. 5. 1989, 38,4% f. þ. d. til 1. 6. 1989, 42% f. þ. d. til 1. 7. 1989, 45,6% f. þ. d. til 1. 9. 1989, 40,8% f. þ. d. til 1. 10. 1989, 38,4% f. þ. d. til 1. 12. 1989, 40,8% f. þ. d. til 1. 2. 1990, 37,2% f. þ. d. til 1. 3. 1990, 30% f. þ. d. til 1. 4. 1990, 26% f. þ. d. til 1. 5. 1990, 23% f. þ. d. til 1. 10. 1990, 21% f. þ. d. til birtingardags héraðsstefnu, en dráttarvöxtum skv. III. kafla laga 25/1987, einkum 10., 12. og 14. gr., sbr. lög nr. 67/1989, frá þeim degi til greiðsludags.“

„Verði ekki á framangreindar kröfur fallist, er gerð 4. varakrafa þess efnis, að lánssamningi málsaðila, þ. m. t. skuldbindingar áfrýjanda skv. greindu veðskuldabréfi, sbr. aðalkröfu, verði vikið til hliðar og breytt á þann hátt, að áfrýjanda verði einungis gert að greiða kr. 1.927.658 án vaxta og vísitölu eða með öðrum þeim kjörum, sem rétturinn telur sanngjörn í ljósi atvika.“

Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Máli þessu var áður áfrýjað með stefnu 12. júní 1992 og þingfest 2. október það ár sem mál nr. 249/1992. Það var síðan niður fellt vegna útivistar áfrýjanda 25. maí 1994. Áfrýjandi telur endanlegar dómkröfur sínar vera efnislega óbreyttar frá héraðsdómi. Hann hefur þó fallið frá kröfu um, að aflýst verði af Þverárseli 8, Reykjavík, veðskuldabréfi, að fjárhæð NLG 315.000, innfærðu í veðmálabækur 9.

ágúst 1985 sem skjal nr. 030980, en þetta segir hann hafa verið gert. Þá hefur hann skipt upp aðalkröfu frá því, er var í héraði, á þann veg, að hann gerir nú þá kröfu einungis um ógildingu, en gerir rift-unarkröfuna að 1. varakröfu. Enn fremur hefur hann nokkuð breytt 4. varakröfu.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um sýknu stefnda og um málskostnað.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og nánar greinir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um sýknu stefnda og málskostnað.

Áfrýjandi, Edda Guðmundsdóttir, greiði stefnda, Íslandsbanka hf., 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Mál þetta varðar samning um veðlán samkvæmt skuldabréfi, að fjárhæð 9 milljónir króna, með verðtryggingu og vöxtum og láns-tíma til sjö ára, sem Útvegsbanki Íslands samþykkti að veita áfrýjanda í marsmánuði 1987. Fór samningsgerðin fram fyrir meðal-göngu Péturs I. Jónssonar, sambýlismanns áfrýjanda, og átti aðdraganda í eldri skuld við bankann, sem hann hafði í öndverðu stofnað til í félagi við bróður sinn, Baldur Jónsson, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Náði hún einnig til sams konar láns, að fjárhæð 2 milljónir króna, sem veita átti eiginkonu Baldurs með veði í fasteign hennar, og fékk bankinn frá henni skuldabréf, sem á vantaði áritun um samþykki þinglýsts eiganda veðsins.

Áskilið var af hálfu bankans, að allt að 6.900.000 krónur af andvirði þessara lána yrðu notaðar til lúkningar hinni eldri skuld, sem þá var miðuð við skuldabréf það vegna láns í hollenskri mynt, sem Baldur hafði einn afhent bankanum með fölsuðum undirskriftum annarra. Séð verður af málsgögnum og framburði aðila, að lán eiginkonu Baldurs átti að nýtast í þessu skyni að öllu leyti og útborgun andvirðis til áfrýjanda að vera hærri sem því næmi, þótt sá

greinarmunur sé ekki gerður í minnisblöðum bankans um lánveitinguna. Þetta skilyrði bankans var í samræmi við forsendur hinna aðilanna að öðru en því, að skuldin, sem bankinn taldi til, var greinilega mun hærri en þau höfðu ráðgert við umleitan sína eftir lánunum. Benda skýrslur í málinum til þess, að þau hafi vænst þess, að greiðsla, sem næmi 2.000.000 króna vegna hvors bræðranna, væri ásættanleg til uppgjörs á skuldinni.

Um framkvæmd samningsins fór á þann veg, að lán áfrýjanda var tekið til útborgunar 23. mars 1987, vafalaust fyrir brýna beiðni hennar. Voru 6.800.000 krónur af andvirðinu lagðar á ábótarreikning í bankanum, sem skráður var á nafn bankans sjálfs vegna áfrýjanda, en afgangurinn á sparisjóðsbók, sem áfrýjandi fékk til ráðstöfunar, og nam hann 1.927.658 krónum. Var fyrri ráðstöfunin gerð með tilliti til þess, að lán eiginkonu Baldurs var ekki tilbúið til afgreiðslu. Til þeirrar afgreiðslu kom ekki, þar sem ekki var bætt úr fyrrgreindum meinbug á skuldabréfi hennar. Tók bankinn um síðir innstæðuna á ábótarreikningi í eigin hendur og ráðstafaði henni til uppgreiðslu á hinu hollenska láni, svo sem áfrýjanda var tilkynnt með bréfi 30. september 1987.

Þegar samið var við bankann um lán áfrýjanda, lá það fyrir, að hún og sambýlismaður hennar voru stödd í miklum fjárhagslegum þrengingum. Á henni hvíldi nokkur greiðslubyrði vegna fasteignar hennar, og hún stundaði ekki atvinnu utan heimilis, er veitti henni öruggar tekjur. Atvinnurekstur Péturs og Baldurs, bróður hans, hafði siglt í strand fyrir nokkru, og var bú Péturs undir gjaldprotaskiptum síðan 20. maí 1986. Auk þess átti hann í vændum fangelsisvist samkvæmt áfellsdómi í sakadómi Reykjavíkur 20. febrúar 1987 fyrir misferli með tékka frá verkkaupa þeirra bræðra. Baldur hafði einnig orðið gjaldproti 15. desember 1986, og yfir honum vofði sakamál vegna áðurnefnds skuldabréfs hans. Óvíst er, hvort bankanum var kunnugt um dóm Péturs, en að öðru leyti voru honum þessar aðstæður ljósar í meginatriðum. Jafnframt var ljóst, að með skuldabréfinu væri áfrýjandi að setja bankanum aleigu sína að veði, þar sem þess var að vænta, að óveðsett verðmæti fasteignarinnar gerði vart betur en hrökkva fyrir höfuðstól þess. Bankinn átti þó engan rétt á hendur áfrýjanda sjálfri, þegar bréfið kom til sögunnar.

Þrátt fyrir þessar aðstæður verður bankinn ekki sakaður um mis-

neytingu við samningsgerðina um hín nýju lán, þar sem frumkvæðið að henni var að öllu leyti frá áfrýjanda og aðstandendum hennar komið, og um svik af hálfu bankans var ekki að ræða. Hins vegar hlaut bankanum að vera ljóst, að hagur áfrýjanda af samningnum yrði í engu samræmi við það, sem hún væri að kosta til, nema svo verulegur hluti af láni hennar kæmi til beinnar útborgunar, að nokkur von væri um, að hún gæti nýtt sér hann til að bæta fjárhag sinn og koma fótum undir tekjustofn, sem orðið gæti grundvöllur að niðurgreiðslu á láninu. Mátti sú aðstaða og heita forsenda þess, að endurgreiðsla á láninu með öðru en fasteigninni sjálfri kæmi yfirleitt til álita. Hlaut útborgunin 23. mars 1987 að teljast alls ófullnægjandi í umræddu tilliti.

Af þessum ástæðum verður að líta svo á, að bankanum hafi verið óheimilt að taka umrædda innstæðu til greiðslu á hinni eldri skuld, þar sem forsendur hafi brostið fyrir þeirri ráðstöfun, þegar séð varð, að hitt lánið kæmi ekki til afgreiðslu. Í stað þess að grípa til þeirrar ráðstöfunar þar bankanum skylda til að taka málið upp að nýju við áfrýjanda og aðstandendur hennar, svo að leita mætti lausnar í samræmi við þá stöðu, sem upp var komin. Gat þar meðal annars komið til greina, að lánveitingin gengi til baka, eins og áfrýjandi óskaði eftir síðar. Eins og á stóð fyrir áfrýjanda, skiptir ekki meginmáli, að formleg mótmæli urðu síðbúin af hennar hálfu.

Jafnframt þessu verður að líta svo á, að skilyrði bankans um endurgreiðslu eldri skuldarinnar með fullri upphæð eftirstöðva og dráttarvaxta hollenska lánsins hafi í raun verið ósanngjarnt frá öndverðu, þegar lánsfjárhæðin, sem til þess þurfti, er borin saman við greiðslugetu áfrýjanda og verðmæti fasteignar hennar. Er þá einnig á að líta, að stefndi hefur ekki sýnt fram á það skýrum stöfum, að eftirstöðvar hins eldra láns í bandaríkjadöllum, sem Pétur Jónsson hafði verið skuldbundinn af, væri svipaðrar fjárhæðar og hollenska lánið, en Pétur telur þær hafa verið til muna lægri.

Umræddar ástæður nægja ekki til, að fallist verði á aðalkröfu áfrýjanda um ógildingu á lánssamningum að öllu leyti. Rétt er hins vegar þeirra vegna, að honum verði vikið til hliðar að hluta og skuldbindingum hennar breytt, svo sem heimild er til samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986. Er þá víðeigandi, að áfrýjandi verði áfram

skuldbundinn um endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar, sem hún fékk útborgaða. Jafnframt eigi það við að skylda áfrýjanda til að greiða stefnda svipaða fjárhæð og þá, sem hún hafði boðið að nýta til uppgjörs vegna sambýlismannsins. Ber að ákvarða skuldbindingar þessar fram í tímann með hliðsjón af þeim kjörum, sem um var samið í upphafi, og þeirri byrði, sem raunhæft er að ætla áfrýjanda. Þar sem niðurstaða annarra dómenda er á þann veg, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm, eru þó ekki efni til að gera þeim nánari skil. Ég tel rétt, að málskostnaður í héraði falli niður, en stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. mars 1991.**

Mál þetta, sem dómtekið var 10. mars sl., höfðaði Björn Ólafur Hallgrímsson hrl. f. h. Eddu Guðmundsdóttur, kt. 130738-2069, Þverárseli 8, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 18. okt. 1990, gegn Íslandsbanka hf., kt. 421289-5069, Kringlunni 7, Reykjavík.

#### *Dómkröfur stefnanda.*

##### 1. Aðalkrafa.

A. Aðallega er krafist ógildingar eða riftunar lánssamnings frá 1987 milli stefnanda og stefnda (upphaflega Útvegsbanka Íslands) og skuldbindinga stefnanda þ. a. l. skv. veðskuldabréfi, að fjárhæð 9.000.000 kr., bundnu lánskjaravísitölu og tryggðu með 4. veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni nr. 8 við Þverársel í Reykjavík, út gefnu til Útvegsbanka Íslands 13. mars 1987 af stefnanda og innfærðu í veðmálabækur Reykjavíkur 23. mars 1987 sem skjal nr. 006111.

Jafnframt er þess krafist, að stefndi verði skyldaður með dómi til að aflýsa veðskuldabréfinu.

B. Þá er þess jafnframt krafist, að stefndi verði skyldaður með dómi til að aflýsa af Þverárseli 8, Reykjavík, veðskuldabréfi, að fjárhæð NLG 315.000, innfærðu í veðmálabækur 9. ágúst 1985 sem skjal nr. 030980, sögðu út gefið 30. 7. 1985 af Baldri Jónssyni og Péttri Jónssyni og með veðheimild frá stefnanda.

##### 2. Varakrafa við A-lið aðalkröfu.

Verði ekki á ýtrustu kröfu skv. A-lið aðalkröfu fallist, er til vara gerð sú krafa, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 7.593.832,67 kr. ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

##### 3. Þrautavarakrafa við A-lið aðalkröfu.

Til þrautavara við A-lið aðalkröfu er þess krafist, að stefndi verði dæmd-

ur til að greiða stefnanda 6.800.000 kr. ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

4. Þrautaþrautavarakrafa við A-lið aðalkröfu.

Verði ekki á framangreindar kröfur fallist, er sú krafa gerð til þrautaþrautavara við A-lið aðalkröfu, að lánsamningur málsaðila, þ. m. t. skuldbindingar stefnanda skv. greindu veðskuldabréfi, sbr. A-lið aðalkröfu, verði ógiltur að hluta til og/eða breytt skv. mati réttarins.

5. Málskostnaðarkrafa.

Í öllum ofangreindum tilvikum er krafist málskostnaðar [...].

#### *Dómkröfur stefnda.*

Stefndi krefst sýknu af stefnukröfum og málskostnaðar [...].

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur fyrir dómi stefnandi, Pétur Ingiberg Jónsson, sambýlismaður stefnanda, Baldur Jónsson, bróðir Péturs, Guðrún Magna Halldórsdóttir, eiginkona Baldurs Jónssonar, Brynjólfur Harald Gunnarsson, sonur stefnanda, og Axel Kristjánsson hrl.

#### *Málavextir.*

Stefnandi, sem er og hefur verið í sambúð með Pétri Ingiberg Jónssyni múrarameistara síðan 1973, er þinglýstur eigandi fasteignarinnar Þverársels 8 í Reykjavík. Bróðir Péturs er Baldur Jónsson múrarameistari, eiginmaður Guðrúnar Halldórsdóttur, sem var þinglýstur eigandi 2. hæðar A í fasteigninni Álfhólsvegi 149 í Kópavogi og mun síðar hafa orðið eigandi fasteignarinnar Seiðakvíslar 12 í Reykjavík.

Hinn 12. okt. 1981 tóku þeir bræður, Pétur og Baldur, lán hjá Útvegsbanka Íslands, að fjárhæð \$ 150.000, vegna flugvélakaupa, dskj. 3. Lán þetta ábyrgðust þeir bræður in solidum. Til tryggingar láninu var veðsett fasteignin nr. 15 við Baðsvelli í Grindavík og fasteign Guðrúnar, 2. hæð Álfhólsvegur 149. Þær stefnandi og Guðrún Halldórsdóttir árituðu skuldabréf vegna lánsins með samþykki sínu, Guðrún sem þinglýstur eigandi Álfhólsvegur 149 og stefnandi sem eiginkona veðsala að Baðsvöllum 15. Lánið átti að greiða með tveimur afborgunum á sex mánaða fresti, í fyrsta skipti 20. apríl 1982. Bréfið fór í vanskil. Því var aflýst 1. ágúst 1985. Samkvæmt síðustu áritun á bréfið fyrir aflýsingu virðast eftirstöðvar bréfsins hafa numið US\$ 19.647,64 og dráttarvextir 2.729.358 krónum, sbr. greiðslukvittun á dskj. 4, dags. 27. nóv. 1984.

Á dskj. 5 er veðskuldabréf, að fjárhæð NLG 315.000, út gefið 30. júlí 1985 af Baldri Jónssyni og Pétri Jónssyni. Til tryggingar skuldinni, sem greiða átti með sex afborgunum á sex mánaða fresti, í fyrsta skipti 24. janúar 1986, var skuldareiganda, Útvegsbanka Íslands, veðsett fasteignin nr. 8 við Þver-

ársel í Reykjavík og bréfið áritað um samþykki þinglýsts eiganda, Eddu Guðmundsdóttur. Lán þetta gekk til greiðslu dollarlánsins frá 1981.

Um mánaðamót nóvember og desember 1985 óskaði Pétur Jónsson eftir því, að NLG-lánið yrði flutt af Þverárseli 8 á Seiðakvísl 12. Hinn 5. desember 1985 kærði Pétur Jónsson Baldur, bróður sinn, til Rannsóknarlögreglu ríkisins fyrir skjalfals í sambandi við útgáfu bréfs þessa, og 30. desember 1987 var Baldur Jónsson dæmdur í sakadómi Kópavogs í fjögurra mánaða fangelsi vegna fölsunar undirskrifta á skuldabréfi þessu.

Hinn 20. maí 1986 var bú Péturs Jónssonar tekið til gjaldþrotaskipta, og 15. des. sama ár var bú Baldurs Jónssonar tekið til gjaldþrotaskipta.

Um áramót 1986/1987 óskaði Pétur Jónsson eftir láni, að fjárhæð 10 milljónir kr. Á dskj. 39 og 17 eru minnisblöð merkt Útvegsbanka Íslands, árituð AK af Axel Kristjánssyni hrl., þáverandi lögfræðingi bankans. Dskj. 17 er einnig áritað ÓH og LJ, sem munu vera áritanir þáverandi bankastjóra Útvegsbankans, þeirra Ólafs Helgasonar og Lárusar Jónssonar. Bæði þessi minnisblöð varða lán E-867, þ. e. NLG-lánið. Þar kemur fram, að af lániinu eru gjaldfallnar 3.817.555 kr. og eftirstöðvar 3.045.308 kr., samtals 6.862.863 kr. Á minnisblaðinu frá 17. mars 1987, dskj. 17, segir m. a., að farið sé fram á, að eiginkona Baldurs Jónssonar fái lán, að fjárhæð 2.000.000 kr., tryggt með 3. veðrétti í Seiðakvísl 12 á eftir 420 þúsund krónum, og eiginkona Péturs Jónssonar fái lán, að fjárhæð 9.000.000 kr., tryggt með 3. veðrétti í Þverárseli 8. Af andvirði lánanna, samtals að fjárhæð 11.000.000 kr., verði varið til lúkningar E-867 6.900.000 krónum, en eftirstöðvar, 4.100.000 kr., verði greiddar út. Minnisblaðið frá 17. febrúar er samhljóða að öðru leyti en því, að þar eru lánsfjárhæðir eitthvað öðruvísi, þ. e. heildarlánsfjárhæð er þar 12.000.000 kr. og skiptist þannig, að eiginkona Baldurs Jónssonar fái 3.500.000 kr. og eiginkona Péturs Jónssonar 8.500.000 kr. Þar átti einnig að verja 6.900.000 kr. til lúkningar E-867.

Hinn 13. mars 1987 gaf stefnandi út veðskuldabréf, að fjárhæð 9.000.000 kr., til sex ára, tryggt með veði í fasteigninni nr. 8 við Þverársel í Reykjavík. 6.800.000 kr. af láni þessu voru lagðar inn á reikning nr. 506093 við Útvegsbankann, en afganginn að frádregnum lántökukostnaði, 1.927.658 krónum, fékk stefnandi í hendur. Heimildarskírteini vegna reikningsins nr. 506093 var í vörslu bankans. Hinn 22. september 1987 var reikningurinn ónýttur og innstæðu hans, 7.593.832,67 krónum, ráðstafað til lúkningar skuld samkvæmt framangreindu skuldabréfi, að fjárhæð NLG 315.000. Var stefnanda tilkynnt um þessa ráðstöfun með bréfi bankans, dags. 30. sept. 1987.

Þessi síðasti lánsamningur og ráðstöfun á hluta lánsins er tilefni máls-höfðunar og kröfugerðar stefnanda í máli þessu.



Á dskj. 41 er veðskuldabréf, að fjárhæð 2.000.000 kr., undirritað af Guðrúnu Halldórsdóttur og Baldri Jónssyni 16. mars 1987. Með bréfi þessu skyldi veðsetja Útvegsbanka Íslands með 2. veðrétti fasteignina nr. 12 við Seiðakvísl í Reykjavík. Á bréf þetta vantar samþykki þinglýsts eiganda, og lán í samræmi við ákvæði bréfs þessa mun ekki hafa verið veitt.

#### *Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.*

Stefnandi reisir kröfu sína um ógildingu að öllu leyti á því, að bankinn hafi misnotað aðstöðu sína og jafnvel beitt blekkingum eða svikum í því skyni að fá í hendur veðtryggt skuldabréf, að fjárhæð 9.000.000 kr., gegn greiðslu á aðeins 1.927.658 krónum. Beri því að ógilda gerninginn. Í samskiptum aðila hafi bankinn verið sterkari samningsaðilinn og haft yfirburðaaðstöðu sökum þekkingar sinnar og reynslu starfsmanna, sérfræðinga sem og annarra. Þá hafi bankinn búið yfir sérstöku þvingunarúrræði, þar sem var hið falsaða NLG-lán, sem hvíli á eign stefnanda í óþökk hennar og hafi ekki fengist aflýst. Bankinn hafi nýtt sér þessar aðstæður til þess að afla sér óeðlilegs ávinnings á kostnað stefnanda, sem hafi engan hag haft af ráðstöfun þessari.

Samkvæmt öllum málsatvikum virðist bankanum hafa verið ljóst eða a. m. k. mátt vera ljóst, að forsenda stefnanda fyrir lántökunni hafi verið að fá í hendur allt andvirði lánsins eða a. m. k. mestan hluta þess. Viðbrögð bankans bendi til þess, að það hafi verið ásetningur hans að greiða einungis út lítinn hluta lánsins, en hagnýta sér meginhluta þess sér til hagsbóta á kostnað stefnanda. Hafi bankinn sönnunarbyrðina fyrir því, að samið hafi verið um svo óvenjulega ráðstöfun andvirðis lánsins.

Það sé a. m. k. óheiðarlegt af bankans hálfu vegna atvika, sem buðust, er gerningurinn kom til vitundar stefnda, að bera fyrir sig skuldbindingu stefnanda, og beri því allt að cinu að ógilda hann. Þá beri að víkja samningnum í heild eða hluta til hliðar, þar sem ósanngjarnt sé og andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig.

Þá stýðst stefnandi við reglur samninga- og kröfuréttar um brostnar forsendur, enda hafi það að sjálfsögðu verið forsenda stefnanda og ákvörðunarástæða við gerð lánsamningsins og útgáfu skuldabréfsins að fá útborgað andvirði þess. Það hafi stefnda verið fullljóst. Þessi forsendubrestur og vanefnd bankans á lánsamningnum leiði til riftunar samningsins.

Verði aðalkrafa tekin að fullu til greina, lýsir stefnandi sig skuldbundinn til að endurgreiða stefnda þær 1.927.658 kr., sem stefnandi fékk útborgaðar af láninu 23. mars 1987, auk þeirra vaxta, sem ákveðnir yrðu af réttinum.

Í B-lið aðalkröfu er við það miðað, þar sem endanlegur dómur liggir fyrir um, að veðbréfið NLG 315.000 sé falsað, að stefnda beri að aflýsa því.

Varakrafan er studd þeirri málsástæðu, að bankinn hafi heimildarlaust og með óréttmætum hætti tekið og tilcinkað sér fé, er stefnandi hafi átt sérgreint í vörslu bankans á „innlánsreikningi með ábót nr. 5906093“ (sic). Beri bankanum því að endurgreiða féð með dráttarvöxtum, frá því að það var tekið. Verði ekki á dráttarvaxtakröfuna fallist, þar sem hér sé um að ræða skaðabótakröfu, er þess í stað krafist innlánsvaxta í samræmi við vaxtalög frá tókudegi og þar til mánuður var liðinn frá kröfugerð í bréfi lögmanns stefnanda, dags. 28. júní 1988, en dráttarvaxta af samanlagðri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Þrautavarakrafan er á því reist, að stefnda beri að efna sína hlið láns-samningsins og greiða út það, sem ógreitt er af láninu, auk dráttarvaxta, verði hvorki á aðal- né varakröfu fallist. Ekki verði um það deilt, að lánveitanda beri að greiða út það lán, sem hann veitir, ella falli niður skylda til endurgreiðslu.

Í vara- og þrautavarakröfum er og vísað beint og óbeint til reglna kröfu-réttar um endurgreiðslu ofgreidds fjár. Bankinn hafi fengið í hendur, e. t. v. vegna misskilnings aðila, peninga eða önnur verðmæti, sem hann átti ekki rétt til, og beri því að endurgreiða féð eða verðmætið, sem ofgreitt var, verði ekki á riftun eða ógildingu fallist.

Þrautaþrautavarakrafan er reist að mestu á sömu málsástæðum og aðal- og varakrafa. Þó er hér gert ráð fyrir þeim möguleika, sem greinir í 36. gr. samningalaga, eins og henni var breytt með lögum nr. 11/1986, að samningi megi vikja til hliðar að hluta eða breyta. Eðlileg niðurstaða hér væri, að fjárhæð skuldabréfsins yrði færð niður í þá fjárhæð, sem stefnandi fékk í raun, þ. e. 1.927.658 kr., auk lántökukostnaðar m. v. þá fjárhæð. Einnig megi benda á þá niðurstöðu, að fjárhæð skuldabréfsins yrði færð niður í 3.927.658 kr. auk lántökukostnaðar miðað við þá fjárhæð, en hér sé átt við samanlagðar þær fjárhæðir, sem stefnandi fékk notið, svo og þær 2 milljónir, er stefnandi hugðist láta sambýlismanni sínum í té til uppgjors skuldar hans.

Af gögnum málsins verði ráðið, að fjármunir stefnanda hafi verið notaðir til að greiða skuld skv. hinu falsaða skuldabréfi. Viðhlítandi grein hafi ekki verið gerð fyrir ráðstöfun fjárins. Haldi stefndi fast við þá gjörð forvera sinna, er skorað á hann að leggja fram í greinargerð sinni ýtarlegan og greinargóðan útreikning á greiðslustöðu svonefnds dollaraláns frá 1981, er falsaða skuldbreytingalánið NLG kom til sögu, sömuleiðis að leggja fram gögn um útreikning NLG-skuldabréfsins, er bankinn hafi nýtt innstæðu á „ábotarreikningi“ nr. 506093 til greiðslu þess.

Þá er skorað á stefnda að upplýsa og skýra, hvernig á því stendur, að

„dollarabréfið“ er bæði kvittað og afhent til þinglýsingar 27/6 1984 og 31/7 1985, en samkvæmt fram lögðum greiðslukvittunum varðandi það bréf hefur Pétur Jónsson m. a. greitt inn á það lán 27/11 1984 USD 130.352,36 eða 2.026.197,10 kr. miðað við gengi USD 15.544.

Stefnandi áskilur sér allan rétt til að krefja stefnda síðar um greiðslu skaðabóta vegna alls þess tjóns, sem hlotist hefur og hljótast kann af gjörðum bankans.

#### *Lagarök stefnanda.*

Í aðal- og þrautþrautavarakröfu er einkum vitnað til 30., 31., 33. og 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, sbr. l. nr. 11/1986. Einnig er miðað við reglur samninga- og kröfuréttar um brostnar forsendur, um það, að loford beri að efna, um réttaráhrif vanefnda og um endurgreiðslu ofgreidds fjár. Í vara- og þrautavarakröfu er stuðst við meginreglur samninga- og kröfuréttar um, að samninga beri að halda og að skila beri fé, sem í heimildarleysi er tekið, eða svara til bóta ella. Einnig er vísað til almennra reglna skaðabótaréttar, sbr. og 209. gr. l. nr. 85/1936.

Um dráttarvexti vísast einkum til III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, 10., 12. og 14., sbr. l. nr. 67/1989, svo og ákvæða laganna um vexti af skaðabótakröfum, 7. og 15. gr., sbr. 2. gr. l. nr. 67/1989. Þá er og vísað til vaxtaákvæðana Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Um málskostnað er vísað til XII. kafla l. nr. 85/1936, einkum 177. gr., og 3. mgr. 175. gr., sbr. 21. gr. l. nr. 54/1988. Um virðisaukaskatt af málskostnaði vísast til l. nr. 50/1988. Um aðild Íslandsbanka hf. vísast til l. nr. 120/1989 og auglýsingar í 8. tbl. Lögbirtinga-  
bladsins 19. janúar 1990 um starfsleyfi og yfirtöku réttinda og skyldna Útvegsbanka Íslands hf. Einnig er vísað til l. nr. 7/1987 um stofnun hlutafélagabanka um rekstur Útvegsbanka Íslands.

#### *Málsástæður og rökstuðningur stefnda.*

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að lánssamningur sá, sem í gildi sé á milli aðila, sé skuldabréfið á dskj. 7. Samkvæmt því viðurkenni stefnandi að skulda stefnda 9.000.000 kr. og lofi að endurgreiða á þar tilgreindan hátt. Með dómi í þessu máli sé ekki unnt að breyta skilmálum þessarar lánveitingar, enda séu þeir eðlilegir og lögum samkvæmt. Því er einnig mótmælt, að unnt sé að fella niður einhvern hluta skuldbindinga stefnanda eða þar allar með dómi.

Af málalíbúnaði stefnanda megi hugsanlega draga þá ályktun, að einhver annar lánssamningur sé í gildi milli aðila. Stefnandi virðist telja, að samningur sé í gildi um ráðsöfun lánsins frá stefnda og að við þann samning hafi ekki verið staðið. Stefndi hafi ekki samið um að ráðstafa láninu á annan hátt en gert var. Af dskj. 37–40 og dskj. 8, 9, 11 og 17 megi ljóst vera,

hverjar forsendur hafi verið fyrir lánveitingu til stefnanda. Þær hafi stefnanda verið ljósar frá upphafi, enda lánveitingin samkvæmt óskum umboðsmanns stefnanda. Stefnandi hafi engar athugasemdir gert við afgreiðslu lánsins og ekki heldur, þegar stefnanda var tilkynnt með bréfi, dags. 30. sept. 1987, að innstæða á ábótarreikningi nr. 506093 væri tekin til greiðslu NLG-lánsins. Fyrsta athugasemd stefnanda hafi komið fram í bréfi lögmanns stefnanda, dags. 28. júní 1988, dskj. 15. Stefnandi hafi þannig sýnt það í verki, að lánveitingin hafi farið fram á þann hátt, sem ætlunin var.

Pétur Jónsson hafi haft umboð til að koma fram fyrir hönd stefnanda vegna lánveitingarinnar. M. a. hafi stefnandi sýnt það í verki með því að undirrita skuldabréf það, sem málið snýst um.

Stefndi bendir á, að lánsamningur sé í gildi milli aðila samkvæmt dskj. 7. Skilmálar þess samnings séu sanngjarnir fyrir báða. Efnisleg skilyrði skorti til þess að beita 36. gr. 1. nr. 7/1936. Í fyrsta lagi sé stefndi búinn að efna samninginn að sínu leyti. Hér kæmi því aðeins til greina að breyta endurgreiðsluskilmálum. Engin krafa sé þó gerð í þá átt af hálfu stefnanda. Ógilding lánsamningsins kæmi enn síður til greina, en eðli máls samkvæmt leiddi það til þess, að stefnandi yrði dæmdur til að endurgreiða lánsupphæðina. Formsins vegna sé gerð krafa um það. Riftun samningsins leiði enn til hins sama. Stefnandi yrði þá að endurgreiða lánsupphæðina.

Því er mótmælt, að riftun vegna brostinna forsendna nái fram að ganga. Það styðjist við, að ósannað sé, að nokkrar svo verulegar forsendur hafi brostið, að riftun sé heimil. Með hegðun sinni eftir lánveitinguna hafi stefnandi sýnt, að framkvæmd hennar hafi verið með þeim hætti, sem um var samið.

EKKI VERÐI SÉÐ, að það skipti máli við úrlausn máls þessa, hvort og þá hvenær stefndi mátti vita um fölsun NLG-skuldabréfsins. En það hafi ekki verið fyrir en við uppkvaðningu sakadóms 30. des. 1987.

Um einstaka kröfuliði í stefnu er tekið fram af hálfu stefnda:

1. Aðalkrafa A.

Því er mótmælt sem röngu og ósönnuðu, að stefndi hafi misnotað aðstöðu sína og jafnvel beitt blekkingum eða svikum gagnvart stefnanda. Allt frumkvæði í málinu sé komið frá stefnanda eða umboðsmanni hennar. Allar forsendur, skilyrði og skilmálar lánveitingarinnar hafi verið stefnanda ljósar, er hún gaf út skuldabréfið. Því er einnig mótmælt sem röngu og örökstuddu, að reglur um endurgreiðslu ofgreidds fjár geti leitt til þeirrar niðurstöðu, sem stefnandi krefst.

Af hálfu stefnda var lýst yfir því, að stefndi féllist á að aflýsa skuldabréfinu, yrði það dæmt ógilt, en stefndi áskilur sér málskotsrétt.

## 1. Aðalkrafa B.

Fallist er á þessa kröfu. Stefndi viðurkennir, að gleymst hafi að aflýsa NLG-bréfinu, og hafi verið lögð drög að því að aflýsa því.

## 2. Varakrafa við A-lið aðalkröfu.

Stefndi hafi í hvívetna farið að samkvæmt tilætlun aðila og fallist því ekki á, að honum beri að endurgreiða stefnanda þessa fjárhæð. Fjárhæðin hafi gengið til greiðslu skuldar samkvæmt veðskuldabréfi, sem hvíldi á eign stefnanda.

## 3. Prautavarakrafa við A-lið aðalkröfu.

Þessum kröfulið er mótmælt með vísan til almennrar umfjöllunar stefnda um kröfu stefnanda hér að framan. Lánið til stefnanda hafi verið afgreitt með þar tilgreindum hætti að frádregnu lántökugjaldi, sjá dskj. 40.

## 4. Prautaprautavarakrafa við A-lið aðalkröfu.

Þessum kröfulið er mótmælt með sömu rökum og undir lið 3 hér að ofan.

*Niðurstaða.*

Aðild stefnda er óumdeild.

Það var meðalgöngu- og sambýlismaður stefnanda, Pétur Jónsson, sem sóttist oftinnis eftir lánveitingu til stefnanda. Ekkert hefur komið fram um það, að stefnandi hafi verið hvött til lántökunnar af lánveitanda; miklu heldur virðist það hafa verið skilyrði af hálfu lánveitanda, að ákveðinn hluti lánsins gengi til greiðslu annars láns. Með undirritun sinni samþykkti stefnandi lánskjör og veðsetti bankanum fasteign sína.

Þá er stefnandi tók lánið, sem málið er af risið, 13. mars 1987, hvíldi á húseign hennar sem þinglýst skuld áðurgreint lán, að fjárhæð NLG 315.000. Eins og að framan var rakið, hafði Pétur Jónsson, sambýlismaður stefnanda, kært Baldur Jónsson, bróður sinn, 5. des. 1985 fyrir skjalafals vegna útgáfu skuldabréfs þessa, og 30. des. 1987 var Baldur Jónsson dæmdur vegna fölsunar á skuldabréfi þessu. Lánið, að fjárhæð NLG 315.000, hafði verið notað til þess að greiða upp lán þeirra bræðra, Péturs og Baldurs, að fjárhæð \$ 150.000, samkvæmt skuldabréfi, dags. 12. okt. 1981, svo að við lántöku þá, sem málið er af risið, hvíldi á fasteign stefnanda skuldabréf með falsaðri undirritun, en andvirði þess hafði verið notað til greiðslu á skuld þeirra bræðra, Baldurs Jónssonar og Péturs Jónssonar. Þá skuld virðist stefnandi og sambýlismaður hennar hafa verið tilbúin að greiða á móti Baldri Jónssyni, samanber framburð stefnanda hér fyrir dómi, en fram kom hjá henni, að kringum tvær milljónir hefðu átt að fara til greiðslu á dollaraláninu á móti sambærilegri greiðslu frá Baldri Jónssyni. Baldur hafi átt að koma á móti Pétri með að borga dollaralánið. Þess vegna hafi Axel

Kristjánsson, þáverandi starfsmaður Útvegsbanka Íslands, viljað hafa þessa fjárhæð inni á þessari bók á meðan. Stefnandi hafi átt að fá lánið í hendur, þegar bóúð væri að gera upp við þá bræður. Ekki hafi í upphafi verið rætt um það, hvernig færi, ef Baldur staði ekki við sinn hluta. Stefnandi kvaðst hafa ætlað að hafa 6.800.000 kr. inni á reikningi, sem var í vörslu bankans, þar til bóúð væri að ganga frá dollarláninu. Þegar bóúð væri að taka þessar 2 milljónir, héldi hún því, sem eftir var.

Það, að stefnandi fékk einungis í hendur 1.927.568 kr. af 9.000.000 kr. láninu og undi því, að lánveitandinn hélt eftir 6.800.000 krónum af láninu og lagði inn á innlánsreikning nr. 506093 og hélt heimildarskrteininu, styður þær fullyrðingar af hálfu stefnda, að samið hafi verið um það, að 6.800.000 kr. af láninu skyldu vera til tryggingar greiðslu skuldar sambýlismanns stefnanda við bankann. Hér er og á að líta bréf Útvegsbanka Íslands hf. til stefnanda, dags. 30. september 1987, dskj. 11, en bréf þetta er svohljóðandi:

„Á fundi bankastjórnar Útvegsbanka Íslands 17. mars sl. var samþykkt að beiðni Péturs Jónssonar að veita yður lán, að upphæð 9.000.000 kr., tryggt með veði í Þverárseli 8 í Reykjavík. Þá var einnig samþykkt að veita Guðrúnu M. Halldórsdóttur lán, að upphæð 2.000.000 kr., tryggt með veði í Seiðakvísl 12 í Reykjavík, einnig samkvæmt beiðni Péturs Jónssonar. Það var forsenda fyrir þessum lánveitingum, að af andvirði lánanna yrði varið allt að 6.900.000 krónum til lúkningar skuld Baldurs og Péturs Jónssona við bankann samkvæmt skuldabréfi, útg. 30. júlí 1985, upphaflega að fjárhæð NLG 315.000.

Gengið var frá skuldabréfum fyrir ofangreindum lánunum, og var skuldabréfi yðar þinglýst, en þegar til átti að taka, var ekki hægt að þinglýsa skuldabréfi Guðrúnar, þar sem hana skorti formlega eignarheimild fyrir fasteigninni Seiðakvísl 12. Varð þá að samkomulagi, að yðar lán var afgreitt, og voru 6.800.000 kr. lagðar inn á ábótarreikning til ráðstöfunar fyrir bankann til lúkningar hinnri erlendu skuld, en mismunurinn var greiddur út.

Þar sem Pétur Jónsson hefur nú tjáð bankanum, að engar horfur séu á, að Guðrún Halldórsdóttir taki sitt lán, hefur ábótarreikningurinn verið ógiltur og innstæðu hans, 7.593.832,67 kr., verið ráðstafað til lúkningar ofangreindri skuld Baldurs og Péturs, svo sem upphaflega var ákveðið.

Kvittanir liggja hjálagt.“

Ósannað er, að þessi ráðstöfun bankans hafi verið mótmælt af hálfu stefnanda fyrr en með bréfi lögmanns stefnanda 28. júní 1988.

Fram lögð skjöl og framburður Baldurs Jónssonar og Guðrúnar Halldórsdóttur, eiginkonu Baldurs, styðja, að staðið hafi til, að Guðrún fengi 2.000.000 kr. að láni hjá bankanum og greiddi með þeim upp í skuld þeirra

bræðra á móti Péttri, svo að samtals greiddu þeir bræður um 4.000.000 kr. Þau Guðrún og Baldur sögðu, að forsenda þeirra fyrir þessari lántöku og greiðslu hafi verið, að fallið yrði frá ákæru á hendur Baldri vegna fölsunarinnar. Það hafi ekki verið gert, og þess vegna varð ekki af lántöku Guðrúnar og greiðslu Baldurs.

Ekki er ljóst, hvernig fundin er þessi fjárhæð, um 4.000.000 kr., sem greiðsla á annaðhvort NLG-láninu eða dollaraláninu. Í skjölum málsins kemur fram, að 17. mars 1987 voru 3.817.55 gjaldfallnar af NLG-láninu og eftirstöðvar og vextir námu 3.045.308 krónum, samtals 6.862.863 kr. Jafnframt kemur fram í skjölum málsins, að hefði hið svokallaða dollarlán, upphaflega að fjárhæð \$ 150.000, enn verið í vanskilum í sept. 1987, hefði það þá numið um 7.480.000 krónum.

Það þykir fram komið, að stefnandi hafi samþykkt, að 6.800.000 kr. af láninu, sem málið er af risið, yrðu í höndum Útvegsbanka Íslands sem trygging fyrir greiðslu þeirra Péturs Jónssonar og Baldurs Jónssonar á skuldum þeirra við bankann. Þar sem þeir Pétur og Baldur greiddu ekki skuldir sínar, verður að telja, að bankanum hafi verið heimilt að ganga að tryggingunni til greiðslu skulda þessara.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, er það álit dómsins, að stefnandi hafi hvorki fært sönnur að fullyrðingum sínum um það, að stefndi hafi misnotað aðstöðu sína, né fullyrðingum um það, að stefndi hafi beitt blekkingum eða svikum í viðskiptum sínum við stefnanda. Ekki verður heldur á það fallist með stefnanda, að hið falsaða NLG-lán hafi verið sérstakt þvingunarúræði fyrir stefnda gagnvart stefnanda. Þá er virt eru atvik að veitingu lánsins, sem að hluta átti að vera til tryggingar greiðslu skuldar, sem ekki var greidd, verður ekki talið, að það hafi verið óheiðarlegt af stefnda að byggja á lánssamningnum, sbr. 33. gr. 1. nr. 7/1936, sbr. 3. gr. 1. nr. 11/1986, og ekki eru heldur efni til að breyta lánsamningnum, sbr. 36. gr. sömu laga.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, verður A-liður aðalkröfu stefnanda ekki tekinn til greina. Sama er um varakröfu, þrautavarakröfu og þrautþrautavarakröfu við A-lið aðalkröfu stefnanda.

Með vísan til þess, sem fram er komið um NLG-lánið, verður tekinn til greina B-liður aðalkröfu stefnanda, að stefnda sé skylt að aflýsa af Þverárseli 8, Reykjavík, veðskuldabréfi, að fjárhæð NLG 315.000, innfærðu í veðmálabækur 9. ágúst 1985 sem skjal nr. 030980.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

## D ó m s o r ð:

Stefnda, Íslandsbanka hf., er skylt að aflýsa af Þverárseli 8, Reykjavík, veðskuldabréfi, að fjárhæð NLG 315.000, innfærðu í veðmálabækur 9. ágúst 1985 sem skjal nr. 030980.

Stefndi, Íslandsbanki hf., skal vera sýkn af öðrum kröfum stefnanda, Eddu Guðmundsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

---